

**Nd.**

**155. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Jóni Pálmasyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

Meðan verð landbúnaðarafurða er ákveðið samkvæmt fyrirmælum laga þessara, skal nefndin starfa áfram og reikna út breytingar á verðinu fyrir 15. ágúst ár hvert samkvæmt því, sem kaupgjald í landinu og rekstrarkostnaður landbúnaðarins að öðru leyti hefur breytt á liðnu ári. Ef ágreiningur verður um þennan útreikning, gildir álit meiri hlutans. Atkvæði formanns ræður, ef jöfn verða atkvæði.

Verði nefndin á einu máli um breytingar á þeim grundvelli, sem nú gildir, vegna nýrra upplýsinga, þá skal taka tillit til þess næst, þegar verðið er ákveðið.